

■ 7. jan. einkum og beinlínis á að tryggja með verðinum», gjöri það vafasamt, hvort fjáreigendum í Vestur- Skaptafellssýslu yrði skipað að taka þátt í kostnaðinum til hins umgetna varðar, sem fjáreigendum í austurhluta Árnassýslu og mestum hluta Rangárvallasýslu hafi að minnsta kosti verið miklu meiri trygging að heldur en fjáreigendum í Vestur- Skaptafellssýslu; og verði því naumast sagt, að nokkur sveit í þeirri sýslu hafi *beinlínis* tryggingu af verði með fram Brúará - Hvítá - Ölvesá.

Af ástæðum þeim, er þjer hafið tekið fram, herra amtmaður, og enn fremur af því, að ákvörðun sú, er hjer ræðir um, í niðurlagi 5. greinar í tilsk. 4. marz 1871, nefnir eigi berum orðum önnur tilfelli en þau, er verðir eru skipaðir á kostnað tveggja amta eða fleiri, og virðist þar með gjöra ráð fyrir, að þegar öðruvísi stendur á eigi fjáreigendum þeir, er beiðast leyfis amtmanns til að skipa vörðinn, að standa sjálfir strauum af kostnaðinum til hans, að svo miklu leyti sem hann er eigi lagður á jafnaðarsjóðinn, verður að minni hyggju að kveða nei við því, sem sýslunefndin spyrst hjer fyrir um.

■ 8. jan. — *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um v a r ð k o s t n a ð.* — Jeg hefi meðtekið þóknanlegt álit yður, herra amtmaður, um umkvörtun þá, er sýslunefndin í Skagafjarðarsýslu hafði komið sjer saman um, út af úrskurði amtsins frá 10. oktbr. 1876 um niðurlögun á kostnaði til varðarins 1875, að því er snertir þann hluta kostnaðarins, er eigi hefir verið greiddur af hlutaðeigandi jafnaðarsjóðum, heldur á samkvæmt 5. grein í tilsk. 4. marz 1871 að greiðast af »fjáreigendum í þeim sýslum, sem einkum og beinlínis á að tryggja með verðinum,» — og læt yður nú þjónustusamlega tjáð það er hjer segir, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeigendum.

Á útdrætti þeim úr gjörðabók sýslunefndarinnar í Skagafjarðarsýslu, er mjer hefir sendur verið, má sjá, að umkvörtun sýslunefndarinnar er einkum byggð á því, að amtmaðurinn hefir undanþegið fjáreigendum í Eyjafjarðarsýslu og Þingeyjarsýslu frá því að taka þátt í kostnaði þeim, er hjer ræðir um, þar sem kærendurnir telja þessar sýslur standa í sjálfu sjer engu betur að vígi fyrir hættu þeirri, er vofi yfir Norðurlandi af hinum sunnlenzka fjárkláða, heldur en hinar tvær sýslurnar, er nær liggja kláðasvæðinu, og í annan stað af því, að tveir málsmetandi menn, er á fundi í Skagafirði hvöttu til að eeskja varðarins og sem áttu að hafa verið sendir af fundi, sem haldinn var á Akureyri, ljetu í ljósi í nafni Eyfirðinga og Þingeyinga, að þeim mundi eigi detta í hug að skorast undan að taka þátt í kostnaðinum. Hafið þjer, herra amtmaður, í þessu efni tekið fram, að umgetin orð í 5. gr. tilsk. 4. marz 1871: «þeim sýslum, er einkum og beinlínis á að tryggja», geti eigi í þessu tilfelli átt við um Eyjafjarðarsýslu og Þingeyjarsýslu, er tvær stórar sýslur, Húnavatnssýsla og Skagafjarðarsýsla, liggja á milli frá kláðasvæðinu og varðarins við Hvítá í Borgarfirði, og að orðin: «einkum og beinlínis» geti eigi samþýðzt þá skoðun, að öllu Norðurlandi eða landinu öllu standi jöfn hættu af útbreiðslu sýkinna úr suðuramtinu inn í eitt hinna næstu hjeraða í norðuramtinu eða vesturamtinu. Eptir álitu yðar, herra amtmaður, hefir áminnt lagagrein eigi að geyma neina heimild til að skylda fjáreigendum í Eyjafjarðarsýslu og Þingeyjarsýslu til að taka þátt í kostnaði þeim, er hjer ræðir um, og úr því þessu sje þannig varið, verði að álíta það þýðingarlaust, þótt einn eða tveir málsmetandi menn úr sýslum þessum eða fyrir þeirra hönd hafi látið í ljósi, að fjáreigendum í þessum sýslum mundu eigi skorast undan að taka þátt í kostnaðinum, því að það sje hvorttveggja, að slíkt hefði eigi orðið tekið í mál nema því að eins að þeim mætti að lögum leggja þá skyldu á herðar samkvæmt tilsk. 4. marz 1871, enda hafi menn

Þessir eigi haft neitt umboð til að baka öllum fjáreigendum í sýslum þessum skyldu, er eigi lá á þeim að lögum.

2
8. jan.

Af framangreindum rökum finn jeg eigi ástæðu til að breyta úrskurði amtsins frá 10. október 1876 um niðurjöfnun á þeim hluta kostnaðarins til varðarins við Hvitá í Borgarfirði, er fjáreigendur í norðuramtinu áttu að greiða, eptir samkomulagi milli amtmannanna í vesturamtinu og í norður- og austuramtinu.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um framfærslu sveitarómaga.* — Með þóknanlegu brjefi yðar, herra amtmaður, frá 6 nóvbr. f. á., hefi jeg meðtekið umkvörtun með fylgiskjölum frá oddvita hreppsnefndarinnar í Bólstaðarhlíðarhreppi, dags. 18. jan. f. á., þar sem hann áfrýjar úrskurði norður- og austuramtsins, uppkveðnum 8. septbr. 1876, um skyldu Svínavatnshrepps til að endurgjalda Bólstaðarhlíðarhreppi fátækrastryk, er lagður hefir verið þar Sigurlaugu Ólafsdóttur um tímann frá 10. apríl 1874 til 1. júlí 1875, og læt yður nú þjónustusamlega tjáð, herra amtmaður, það er hjer skal greina, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeigendum.

3
9. jan.

Með áminntum úrskurði er krafa Bólstaðarhlíðarhrepps til endurgjalds fyrir það, er lagt hafði verið með Sigurlaugu þeirri Ólafsdóttur, er hjer ræðir um, og nú er dauð, sem nemur alls 45 kr. 44 a., eptir að 94 kr. 16 a. eru endurgoldnar með því sem Sigurlaug átti eptir sig, færð ofan í 33 kr. 84 a., og Svínavatnshreppur skyldaður til að endurgjalda Bólstaðarhlíðarhreppi þessa upphæð; og er lækkinin byggð á því, að venjulegt sje að gefa með ómögum í þyngra lagi 2 kr. um vikuna, og að þeir tveir hreppar, er höfðu Sigurlaugu til framfærslu áður en henni var komið fyrir í Bólstaðarhlíðarhreppi, hefðu látið sjer nægja það, og ennfremur á því, að þessi lækkin á meðlaginu með Sigurlaugu, er krafizt er af hálfu Bólstaðarhlíðarhrepps, sje til orðin fyrir skakka aðferð hreppsnefndarinnar þar, þá, að bjóða ómaga þennan upp á undirboðsþingi (sbr. kanselibrjef 23. apríl 1844).

Jeg er á sama máli og þjer, herra amtmaður, um það, að það sje eigi samkvæmt grundvallarreglunum í fátækraeqlugjörð 8. janúar 1834, eða því, hvornig hjer hagar til, að hafa það fyrir almenna reglu að bjóða ómaga upp á undirboðsþingi til framfæris; en jeg fæ þó eigi betur sjøð en að það megi vera, þegar sjerstakleg atvik mæla með því, eins og hjer átti sjer stað; og að því er snertir sjerstaklega undirboðsþing það, er fram hefir farið í þessu tilfelli, þá hefir það, eptir því sem fram er komið í málinu, verið fólgið í því, að þegar húsbóndi sá, er ómaga þessi, er hjer ræðir um, hafði verið hjá frá 10. apríl 1874 til fardaga 1875, sagðist eigi vilja halda hana lengur, hvað sem í boði væri, hefir hreppsnefndin á þinginu um vorið skorað á alla, sem þar voru staddir, að taka hana, og þegar enginn vildi verða til þess, eða koma með nokkurt boð um það, hefir hreppsnefndin fengið húsbónða hennar, sem var, til að lofa henni að vera mánuði lengur, en þó eigi með öðru móti en að hann fengi með henni 1 rd. 32 sk. eða 2 kr. 66 a. um vikuna; en með því virðist hvorki hafa verið hallað á framfærsluhrepp þann, er hlut átti að máli, nje á ómagann sjálfan. Er því engin ástæða til að neita Bólstaðarhlíðarhrepp fyrir þá skuld um endurgjald fyrir kostnað þann, er hreppurinn hefir samkvæmt þannig gjörðum samningi haft af framfærslu Sigurlaugar frá 6. júní til 1. júlí 1875, enda munar það eigi nema 66 a. umfram það 2 króna gjald um vikuna, sem lagt hefir verið til grundvallar í úrskurði amtsins, eða 2 kr. 64 aurum í 4 vikur.

Þótt svo sje, að optast megi koma sveitarómögum í þyngra lagi fyrir með 2